



REGLUGERÐ

Um Íslandsmótið í íshokki

1. gr.

Fjöldi leikna umferða fer eftir ákvörðun stjórnar ÍHÍ fenginni tillögu móta og dómaranefndar.

- a) Hverju félagi er heimilt að skrá fleiri en eitt lið til keppni. Skulu þá liðin skráð sem lið A, lið B o.sfrv.
- b) Félagi sem skráir fleira en eitt lið til keppni er heimilt að gefa liðinu nýtt nafn. Liðið telst þó alltaf hluti af upprunafélaginu og hefur sömu réttindi og skyldur.

2. gr.

Allir leikir gefa þrjú stig og skiptast þau þannig á milli liða:

- a) Sigur gefur sigurliði 3 stig.
- b) Jafntefli gefur hvoru liði um sig 1 stig. Leikið er áfram 1x 5 mínútna framlenging, bráðabani, með þrjá útspilandi leikmenn þar til annað liðið skorar (gullmark). Þá skal það lið hljóta aukastig eða þriðja stigið sem úthlutað er.
- c) Náist ekki úrslit í bráðabana, samanber b. liður 2. gr., skal háð vítakeppni þar sem hvort lið tekur 3 víti sem tekin eru af sitthvorum leikmanninum. Náist ekki úrslit í vítakeppni skal háður vítabráðabani. Heimilt er að nota alla leikmenn liðsins í vítabráðabana og/eða sama leikmanninn aftur og aftur. Leikmaður eða leikmenn sem eru að taka út refsingu í refsiboxi þegar bráðabana lýkur eða hefur verið vísað af velli geta ekki tekið víti.

3. gr.

Leikin skal ein deild þar sem öll lið mætast jafnt. Skrái félag fleiri eitt lið til keppni skal það þremur dögum fyrir fyrsta deildarleik, tilkynna ÍHÍ hvaða leikmenn tilheyra hverju liði.

- a) Sendi félag/félög fleira en eitt lið til keppni skulu leikir þeirra liða númeraðir samhliða í upprunamótaskrá (1). Fyrsti leikur liðs A verður númer eitt og einnig fyrsti leikur liðs B og svo koll af kalli.



- b) Félagi, með tvö lið, er heimilt að færa til fjóra leikmenn milli liða. Leikmenn, sem færðir eru, geta ekki leikið með upprunaliði sínu í leik sem bera sama leiknúmer og leikurinn sem þeir voru færðir í.
- c) Markmenn og leikmenn sem gjaldgengir eru í U18 ára landslið er heimilt að spila með báðum liðum og falla ekki undir b. lið 3. gr.
- d) Félagi er heimilt dagana 28. – 30. október og 28. – 30. desember að gera breytingar á liðum sínum sbr. b. liður 3. gr. Tilkynna skal skrifstofu ÍHÍ breytingarnar. Hvert lið getur þó að hámarki skipt 5 leikmönnum.
- e) Komist annað liðið í úrslitakeppnina gilda reglur a. liðar, b. liðar og c. liðar 3. gr. Þ.e. tilkynna þarf fyrir fyrsta leik hvaða leikmenn á að nota og ekki er hægt að gera breytingar á því eftir fyrsta leik.

4. gr.

Leikin skal einföld úrslitakeppni. Það lið sem verður fyrr til að vinna þrjá leiki verður Íslandsmeistari. Það lið sem vinnur heimaleikjaréttinn fær fyrsta leikinn. Síðan skal leikið til skiptis, heima og að heiman þangað til úrslit fást.

- a) Séu lið jöfn að stigum eftir forkeppni gildir markatala en sé hún einnig jöfn gildir markatala í innbyrðis viðureignum. Ef markatala úr innbyrðis viðureignum er einnig jöfn gilda fleiri mörk á útivelli. Sé það einnig jafnt skal spila úrslitaleik um sæti í úrslitum en kasta upp á valrétt um leikstað.
- b) Sendi félag fleiri en eitt lið til keppni skal úrslitakeppni leikin sem hér segir:
 - 1. Félagi er heimilt að nota alla skráða leikmenn í úrslitakeppni a-liða.
 - 2. Í úrslitakeppni b-liða eru hlutgengir þeir leikmenn sem voru skráðir b-liðs leikmenn, í síðustu umferð deildarkeppni b-liða, auk þess sem liðinu er heimilt að nýta sér skiptireglu samanber a. liður og b. liður 3. gr.

5. gr.

ÍHÍ er eigandi að Íslandsmótinu í íshökkí. Stjórn ÍHÍ fer með öll réttindi er varða mótið.

Meðal réttinda ÍHÍ eru:

- 1. Réttindi til að semja við styrktaraðila um nafn á mótið
- 2. Réttindi til að semja um útsendingar í sjónvarpi frá leikjum.



6. gr.

Leikmenn sem spila með meistaraflokki þurfa að ná 15 ára aldri á árinu sem spilað er á.

- a) Leikmönnum yngri en 18 ára er óheimilt að spila eða æfa með meistaraflokki, nema að fyrir liggi hjá ÍHÍ undirrituð skrifleg yfirlýsing, sem gefin er út af ÍHÍ og heitir “Leikmaður undir aldri”. Eftirfarandi aðilar skulu undirrita yfirlýsinguna:

1. Leikmaðurinn
2. Foreldri/forráðamaður leikmannsins.

Yfirlýsingu þessa þarf að endurnýja fyrir hvern og einn leikmann við upphaf hvers keppnistímabils.

7. gr.

Viðurlög við brotum á a. lið 6. gr. eru tilgreind í 2. tölulið, b. liðar í 15. gr. í reglugerð nr. 8 um aganefnd.

8. gr.

Heimilt er að skrifa nánari útskýringar við reglugerð þessa og teljast þær hluti af reglugerðinni. Nánari útskýringar er varða reglugerðina:

Upprunamótaskrá er mótaskrá sem sett er upp í upphafi mótaskrárvinnu og tekur mið af drætti sem fram fór. Á henni hafa engar breytingar verið gerðar. Eftir að leikur hefur fengið númer í upprunamótaskrá heldur hann númerinu til loka tímabils.



Samþykkt á Íshokkíþingi, 11. maí 2019.